



## Leiðbeiningar fyrir veitingastaði, kaffihús, krár/barir og skemmtistaðir vegna hámarksfjölda, nálægðartakmarkanna, opnunartíma o.fl.

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 sem taka gildi 25. júlí 2021

1. Grímuskylda er þar sem húsnæði er illa loftræst eða ekki hægt að tryggja nálægðartakmörkun um a.m.k. 1 metra milli ótengdra einstaklinga nema þegar matar eða drykkjar er neytt. Grímuskylda á ekki við um börn fædd 2006 og síðar.
2. Rekstraraðili [þrífur og sóttþreinsar](#) sameiginleg [rými](#) og snertifleti a.m.k. tvisvar á dag.
3. Borð og stólar eru sóttþreinsaðir á milli viðskiptavina.
4. Frá og með 25. júlí er hámarksfjöldi í hverju sóttvarnarými **100 gestir** (börn fædd árið 2016 og síðar eru ekki talin með).
5. Opnunartími:
  - a. Heimilt að vera með opið til kl. 23:00
  - b. Gestir skulu hafa yfirgefið staðinn eigi síðar en kl. 24:00
  - c. Ekki er heimilt að hleypa inn nýjum viðskiptavinum eftir kl. 23:00.
  - d. Heimilt er að selja mat út úr húsi til kl. 23:00.

**FORÐUMST**  
HIÍJK LMN OÓPR

Við tilteknar aðstæður eykst smithættu COVID-19

**L** Léleg loftræsting  
**M** Margmenni  
**N** Náin samskipti

**M**  
**L** **N**

Áhættan er meiri þar sem þættirnir skarast  
Þösum upp á hvert annað og lágmörkum smithættuna með því að forðast **lokuð rými, mannþröng** og **návigi**.

Hvað getur þú gert?

- Forðastu mannþröng og takmarkaðu veru þínu í húsum rýmum
- Haltu rétti fjarlægð frá öðrum
- Ef þú hefur sök á, opnaðu glugga og hurðir fyrir betri loftræstingu
- Þvoðu hendurnar og haltu fyrir vísir þegar þú hóstar eða hneitar
- Vertu með grímu þar sem við á eða þegar ómögulegt er að halda rétt fjarlægð

World Health Organization

Embætti landlæknis  
Directorate of Health

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 sem taka gildi 25. júlí 2021

6. Allir gestir skulu skráðir undir nafni, kennitölu og símanúmeri. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
7. Vínveitingar skulu eingöngu bornar fram til sitjandi gesta.
8. Virða ber 1 metra nálægðartakmörkun á milli ótengdra einstaklinga.
9. Auðvelt og áberandi aðgengi að handþvottaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar.
10. Skilti þarf að vera við inngang að matsal og einnig í móttöku gististaðar sem segir fólki að spritta hendur á leið inn og út. Handspritt þarf að vera til staðar á þessum stöðum.
11. Takmarka þarf samneyti á milli aðskildra ferðahópa.
12. Hver matsalur er eitt sóttvarnarrými, hægt er að skipta upp í fleiri rými sjá hér að neðan.
13. Eldhús er eitt rými.
14. Veitingasalur/rými, hægt er að skipta upp þannig að þar eru að hámarki **100** gestir í hverju rými, starfsfólk er ekki talið með. Enginn samgangur á að vera milli rýma.
15. Það má skipta veitingasal/rými þannig að alltaf séu auð borð í röð sem skipta salnum og búa þannig til lokað rými. Ef þessi leið er notuð skal tryggja að það sé 1 metri á milli rýma. Einnig að hægt að aðskilja rými með tveggja metra háu skilrúmi.
16. Salerni þurfa að vera sérmerkt fyrir hvert og eitt sóttvarnarrými.
17. Fjölskyldur og hópar sem hafa verið í miklu samneyti áður geta setið við sama borð.
18. Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að vera í eldhúsi og bera matinn fram að dyrum aðskildra rýma. Þar taka þjónar við sem aðeins þjóna einu sóttvarnarrými.
19. Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að hafa sér inngang og salerni.
20. Þvo skal mat- og vínseðla á milli gesta/borða eða hafa á rafrænu formi eða einnota.
21. Ef boðið er upp á hlaðborð skal fylgja eftirfarandi reglum:
  - a. Komið fyrir gegnsærri hlíf á milli matarhlaðborðs og andlit gesta ef hægt er.
  - b. Hafið handspritt við borðið þar fólk sækir diska, hnífapör og kaffi. Spjald sem minna gesti á að sótthreinsa hendur fyrir og eftir notkun sameiginlegs búnaðar á og við hlaðborðið.
  - c. Notuð áhöld eru sett til hliðar (fata með sótthreinsilegi við borðið fyrir notuð áhöld). Ný og ónotuð áhöld eru til staðar fyrir gesti. Minnið gesti á að sótthreinsa hendur áður en þeir ná sér í ónotuð áhöld.
22. Huga að flæði fólks á hlaðborði til að hindra flöskuhálsa og að handsprittun, nálægðartakmörkun og grímuskylda sé virt.
23. Tryggja þarf að ekki myndist örtröð í forstofu eða við inngang. Ef ekki er hægt að virða reglu um nálægðartakmörkun í rými þarf að bjóða upp á andlitsgrímur.
24. Ef eitthvað er óljóst notið þá netspjallið á [www.covid.is](http://www.covid.is) fyrir spurningar.

Hvetjum ferðapjónustuaðila til að kynna sér og taka þátt í verkefninu Hreint og öruggt / Clean & Safe. Upplýsingar um verkefnið má finna [á vef Ferðamálstofu](#).

